



BIFVÉLA VIRKINN

BÍLAVERKSTÆÐI

s. 547-6600 – Norðurhelli 8, 221 Hafnarfirði

www.bifvelavirkinn.is

HAFNFIRÐINGUR

Miðvikudagur 10. febrúar 2021

hafnfirdingur.is - fullt af fréttum úr Firðinum

3. tbl.39. árg



84.900.000,-

Norðurbakki 5c

4 herb. Endaíbúð á 2. hæð frá bílastæði með óskertu glæsilegu sjávarútsyni.



40.900.000,-

Sólvangsvegur 1

2 herb. Björt og vel skipulögð íbúð á 4. hæð í lyftu fyrir 60 ára og eldri. Þjónusta fyrir eldri borgara m.a. mötuneyti.



69.900.000,-

Hverfisgata 61

4 herb. Frábær staðsetning nálægt miðbæ Hafnarfjarðar, stutt er í alla helstu þjónustu, leikskóli og skóli í göngufæri.



Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983



BRENNANDI HEITT BRONS

Mynd/Eva Ágústa Aradóttir

Fyrirtækið Málmsreypan Hella við Kaplahraun bræðir ál og brons og steypir í hin ýmsu form, skilti, íhluti í bíla og skip og listmuni og þurfa vinnufélagarnir Smári Leó Leifsson, Leifur Þorvaldsson og Tryggvi Jónsson að verja sig með hönskum, svuntum og hjálmum með hlíf þar sem hitinn er mikill, álið flæðir hratt og bronsið verður allt að 1200 gráðu heitt. Myndin sýnir vel hitann þegar rauðglóandi bronsinu er helli í mót þar sem það storknar mjög fljótt og því þurfa hlutirnir að gerast hratt. Fleiri myndir frá fjölbreyttu atvinnulífi í Hafnarfirði á bls. 4.

Rekstrarumsjón
TRAUST HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTA
WWW.REKSTRARUMSJON.IS
SÍMI: 571-6770

H
AUGLÝSINGA-
SÍMI
6950207



Í hjarta Hafnarfjarðar frá 1988

📍 Fjarðargata 17 📞 520 2600 🌐 www.as.is

AS
FASTEIGNASALA
Stofnað 1988

2017-2019 Excellent in Iceland
Váfróðustofnun

2019 Fasteignasala

FRÍTT SÖLUVERÐMAT // SANNGJÖRN SÖLUBÓKNUN // FAGLJÓSMYNDARI

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
löggiltur fasteignasali
as@domus.is
896 6076



Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn)
220 Hafnarfjörður
s. 440 6013
www.domus.is



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR



Frímann
897 2468



Hálfán
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Cadillac 2017

VILTU KYNNA STARFSEMI ÞÍNA
OG NÁ TIL ALLRA HAFNFIRÐINGA?
RITSTJORN@HAFNFIRDINGUR.IS

**TRAUSTIR BÍLSTJÓRAR Á
TRAUSTUM GRUNNI**

ALLSKONAR FLUTNINGUR

**NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN HF
SÍMI 568-5000**



Hilmar Ingimundarson:

ABSENT

HEILSÁRSOPNUN LEIKSKÓLA

„Sumarið er tíminn“ segir í þekktum söngtexta. Um þetta leyti árs byrja margir að skipuleggja sumarið og hvernig best verði hægt að púsla því saman út frá möguleikum einstakra fjölskyldumeðlima. Oft hefur það reynst þrautin þyngri, ekki síst vegna þess að útdeildir orlofstími foreldra og barna hefur sjaldnast fallið saman. Ég tók því fagnandi ánægjulegum og hvað mér finnst mjög svo jávæðum fréttum um að foreldrum gæti staðið til boða að skipuleggja sumarfríð á komandi sumri óháð sumarlokunum á leikskóla; meiri líkur væru þá á að báðir foreldrar gætu nú saman deilt sumarfríinu með börnunum. Við hjónin erum nú með þriðja barn okkar á leikskóla í Hafnarfirði. Til þessa höfum við þurft að sníða sumarfríð í kringum júlilokanir leikskólanna, en það hefur verið undir hælinn lagt hvort það næðist og hvað þá að við næðum bæði að taka sumarleyfi okkar á sama tíma. Það hefur ekki alltaf gengið þrautalaust fyrir sig og hefur raunar oft reynst erfitt að púsla hlutum saman þannig að allt gangi upp í skipulagningu samverustunda fjölskyldunnar yfir sumarið.

Sumarfríð er mikilvægur tími tengslamyndunar og samverustunda á mótunarárum barna. Því tel ég það mikið framfaraspör og fagnaðarefni að Hafnarfjarðarbær skuli nú líkt og Reykjavík og Garðabær atla að bjóða upp á heilsársopnun leikskólans. Foreldrar hafa lengi kallað eftir þessum breytingum og hefur þetta verið eitt helsta mál á dagskrá Félags foreldra leikskólabarna í Hafnarfirði undanfarin ár, enda ekki hægt að ganga út frá því að allir foreldrar geti tekið sumarleyfi í júlí. Með ákvörðuninni er verið að stíga stórt skref í því að létta undir með barnafjölskyldum og draga úr þeim vanda yfir sumartímann, þegar foreldrar hafa þurft að leita annarra leiða til



Hilmar Ingimundarson

að fá vistun fyrir börn sín á lokunartíma leikskólans.

Með ákvörðun bæjaryfirvalda í Hafnarfirði færast bæjarfélagið enn í átt að barnvænna samfélagi og er hún mikilvæg viðbót við annars almennt mjög góðan aðbúnað barna í bænum. Samveran skiptir höfuðmáli hjá fjölskyldum í sumarfríinu. Það á væntanlega ekki síður við um þá sem eru að veita þjónustuna, leikskólakennara, heldur en þá sem þjónustunnar njóta, börn og foreldra þeirra. Með ákvörðuninni er því einnig verið að stuðla að auknu valfrelsi starfsmanna leikskóla um val á orlofstíma. Aukið valfrelsi með aukinni þjónustu eykur lífsgæði okkar allra og kallar á auknar gæðastundir, sem eru afar mikilvægar fyrir hamingju og þroska barna okkar og okkar foreldra einnig.

Í sumar munum við geta valið samfelt fjögurra vikna frí í júní, júlí eða ágúst, allt eftir þörfum okkar. Þetta er mikilsverð þjónustuaukning og kærkomið valfrelsi, sem hefur sannað gildi í nágrannasveitarfélögunum. Tökum sumrinu fagnandi og njótum þess að vera saman - saman.

Leiðanet Strætó í Hafnarfirði

-beinni leiðir og styttri ferðatími



Tímatöflur á
straeto.is



Hafnarfjörður

FYRIRTÆKIN Í FIRÐINUM FAGRA

Eva Ágústa Aradóttir, ljósmyndari Hafnfirðings, hefur að undanfömu haft samband við nokkur fyrirtæki í bænum til að mynda á listrænan hátt starfsemi þeirra. Henni hefur verið vel tekið og við erum þakklát fyrir það. Við munum halda eitthvað áfram með þennan lið og kappkosta að hafa flölbreytni í fyrirrúmi. Málmosteypan Hella er t.d. á forsiðu og hér.

Sólning Hjallahrauni

Það er misjafnt hvenær dags og hvaða daga hversu mikið er um að vera á verkstæði Sólningar. Þegar við kíktum við var Stefán Þór Gunnarsson meðal annars að umfelga dekk.



Trésmiðjan Meiður Kaplahrauni

Hörður Harðarson rekur lítið trésmiðaverkstæði og var ljósmyndari Hafnfirðings hissa á hversu lítið það væri en smiðurinn Hörður Harðarson sem ásamt konu sinni Guðrúnu Hrund Sigurðardóttur hönnuði sagði að vel færi um hann og verkfæri hans væri hægt að færa til og raða. Sumt er gert úr viði hér á Íslandi og annað úr harðviði að utan. Í bakgrunni sjást vörur eins og saltskálar, bretti undir mat og fleira sem einstaklingar, veitingastaðir, kaffihús og hótél kaupa af honum.

Bláfjalla- rútan

Ekið alla daga í Bláfjöll frá Brettafélagi Hafnarfjarðar að Flatahrauni 14, þegar veður leyfir og opið er í fjallinu.

Virkir dagar

Brottfararstaður	Tími	Áfangastaður
BFH Flatahraun 14	15:50	Bláfjöll
Olís Mjódd	16:15	Bláfjöll
Olís Norðlingaholt	16:25	Bláfjöll
Bláfjöll	21:05	BFH (komið um 22)

Helgar

Brottfararstaður	Tími	Áfangastaður
BFH Flatahraun 14	12:20	Bláfjöll
Olís Mjódd	12:40	Bláfjöll
Olís Norðlingaholt	12:50	Bláfjöll
Bláfjöll	17:05	BFH (komið um 18)

Ekið er samkvæmt rútuáætlun skíðasvæðanna - skidasvaedi.is

Miðasala fer fram í rútnni

Verð:

kr. 3.000.-

báðar leiðir

kr. 26.000.-

10 skipta kort

önnur leiðin kr. 2.700.-



hafnarfjordur.is





ÖRYGGI OG VELFERÐ BARNNA
Í ÖNDVEGI Á 112-DEGINUM:

BÖRN MEÐVITAÐRI OG OPNARI UM OFBELDI

112-dagurinn verður haldinn um allt land 11. febrúar næstkomandi eins og undanfarin ár. Sjónum verður að þessu sinni beint sérstaklega að barnavernd og öryggi og velferð barna og ungmenna. Um leið tengist áherslan vitundarvakningu um ofbeldi í nánum samböndum. Við ræddum um þessi viðkvæmu en mikilvægu mál við Helenu Unnarsdóttur deildarstjóra barnaverndar hjá Hafnarfjarðarbæ.

Í fréttum á tímum covid hefur komið fram að tilkynningar til barnaverndar heilt yfir hafa aukist vegna heimilisofbeldis og líka vegna ofbeldis gegn börnum. Á árinu 2020 fjölgaði tilkynningum til barnaverndar Hafnarfjarðar bara örlítið og vill Helena meina að breytt verklag með tilkomu Brúarinnar skipti þar sköpum en jafnframt aukin vitundarvakning. Það sé líka verklagi Brúarinnar að þakka að mörgum málum hjá barnavernd ljúki strax eftir könnun þar sem hægt er að bjóða upp á snemmtækan stuðning á grundvelli Brúarinnar. Með Brúnni hefur stuðningur við börn á leik- og grunnskólaaldri og fjölskyldur þeirra verið eflur og aukin þjónusta veitt á fyrri stigum. Þannig fer af stað ákveðið ferli ef breytingar verða á líðan eða hegðun barna og það í beinu samstarfi foreldra, kennara og annarra fagaðila.

Starfsmaður barnaverndar á brúðuleiksýningu

Árlega eru sýningar í öllum 2. bekkjum grunnskóla þar sem brúðuleikhúsið „Krakkarnir í hverfinu“ í samvinnu við Barnaverndarstofu er með leiksýningu og fræðslu um kynferðislegt, líkamlegt og andlegt ofbeldi í takt við proska barnanna. „Það á sér stað einhver vitund hjá börnunum þarna þannig að þau skilja betur að ofbeldi á ekki rétt á sér og það á að segja frá því. Við finnum líka að krakkar eru orðnir meðvitaðri og opnari en áður um ofbeldi og líðan. Starfsmaður barnaverndar er viðstaddur hverja sýningu og börnin

geta tjáð sig við hann eða kennarann sinn. Þannig að við erum alltaf með tengsl við sýningarnar og í samtali við Barnaverndarstofu,“ segir Helena.

Tilkynninga-hlekkir á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar

Börnum sé líka bent á vef Hafnarfjarðarbæjar, en þar er t.d. hægt að smella á hlekkinn „Ég er barn og hef áhyggjur“ og þannig tilkynnt og fyllt út afmælisdag, símanúmer og í hvaða bekk viðkomandi er. „Þar er líka hægt að skrifa smá texta um hvað áhyggjurnar snúast um. Einnig ef þau vita af ofbeldi annars staðar en á þeirra heimili. Auðvitað geta fullorðnir líka sent þarna inn tilkynningu, þar sem hægt er að óska nafnleyndar og eyðublöð bæði á pólsku og ensku. Við megum alveg leyfa okkur að vera forvitin um börn og hagi þeirra,“ segir Helena. Tilkynning til barnaverndar er ekki kæra heldur fremur beiðni um aðstoð fyrir viðkomandi barn eða fjölskyldu sem tilkynnandi telur að sé mögulega hjálparþurfi. Helena segir að til skoðunar sé hvort settur verði neyðarhnappur á skjáborð spjaldtölva nemenda í 5. - 10 bekkjum grunnskólanna, eins og gert hefur verið í nágrannasveitarfélaginu Kópavogi.

Neyðarvörður og Heimilisfriður

Langflestir Íslendingar þekkja neyðarnúmerið 112, en Helena segir að færri viti að hægt er að setja sig í samband við neyðarvörð á vefnum 112.is. „Einhverjum gæti fundist erfitt, stórt skref eða aðstæður erfiðar til að hringja og þá er hægt að nota netspjall. Svo er til þjónusta sem heitir Heimilisfriður. Það er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum. Þar er m.a. boðið upp einstaklingsviðtöl og hópameðferðir.“

Einnig sé sérstakt heimilisofbeldis-teymi hjá Hafnarfjarðarbæ sem bjóði þolendum og gerendum upp á úrræði og aðstoð. „Stundum þurfa þolendur og/eða



112
EINN EINN TVEIR

Netspjall 112

Þú getur haft samband við neyðarvörð ef þig grunar að þú eða einhver sem þú þekkir sé beittur ofbeldi.

 Spjall við neyðarvörð
112

gerendur að átta sig á að það er ofbeldi í gangi og það getur tekið tíma. Ofbeldi hefur því miður í tímans rás viðgengist í mörgum fjölskyldum á einhvern hátt en það er orðin meiri vitundarvakning, bæði hjá börnum og fullorðnum og aðgengi að tilkynningum er betra og öll nálgun orðin þægilegri. Fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því að það er að beita ofbeldi. Gengur jafnvel í erfðir. Andlegt ofbeldi er mjög lúmskt og grær yfirleitt seint og illa og þá með hjálp sérfræðinga. Það er mikilvægt að halda úti sem flestum möguleikum til tilkynninga og leyfa börnunum að njóta vafans til þess að hægt sé að veita víðeigandi aðstoð sem fyrst ef þess gerist þörf.“

NÝTT HLAÐVARP:

POPPMENNING TENGD VIÐ SÁLFRÆÐI

Poppsalín er nýtt hlaðvarp undir stjórn Elvu Bjarkar Ágústsdóttur sálfræðikennara og „pikupopps“-aðdáanda. Poppsalín er poppmenningarlegt hlaðvarp með sálfræðilegu ívaði. Í hlaðvarpinu eru ýmis sálfræðileg málefni sem tengjast poppmenningu tekin fyrir sem og áhuga-verðar þælingar og rannsóknir innan sálfræðinnar. Við hittum Elvu Björk í Bókasafni Hafnarfjarðar, en hún notar hlaðvarps-aðstöðuna þar.



Elva Björk er sálfræðimenntuð og hefur kennt sálfræði í mörg ár. Áhugi hennar á poppmenningu er líka mikill og fannst henni því tilvalið að sameina áhugamálin sín í eitt og skoða poppmenningu út frá sálfræðilegu sjónarmiði og í hvatvísi sinni ákvað hún að taka efnið upp og bjóða upp á hlaðvarpsþætti. Fyrstu þættirnir voru teknir upp í litlu unglingaherbergi í vesturbæ Hafnarfjarðar en Elva Björk býr í hundrað ára gömlu timburhúsi á Vörðustíg. Um leið og losnaði aðeins um samkomubannið var hægt að taka upp þættina í góðu hljóðveri sem nefnist Rabbrymið í Bókasafni Hafnarfjarðar. Þar er allur búnaður sem þarf til upptöku og vinnslu hlaðvarps og er það opið öllum þeim sem eru með gilt bókasafnskort.

Britney, Kanye og Trump

Í fyrstu þáttunum fjallar Eva Björk ít-

arlega um líf söngkonunnar Britney Spears en hún hefur verið undir stjórn föður síns og lögmannna í 13 ár. „Britney missti sjálfræðið árið 2008 eftir að hafa verið nauðungavistuð á geðdeild og hefur ekki náð að öðlast sjálfstæði aftur eftir það, sem er mjög einstakt og sérkennilegt.

Hreyfingin #FreeBritney hófst árið 2009, eftir að faðir Britney fékk forræði yfir henni og hefur hreyfingin orðið háværari að undanförmu. Stór hópur fólks telur hana vera fanga föður síns og því áhugavert að fylgjast með málinu,” segir Elva Björk. Einnig

ur hún fjallað um Kanye West og sunnudagsmessur hans. „Sumir vilja meina að þessar messur gætu verið byrjunin á einhvers konar sértrúarsöfnuði og hann sé haldinn Guðs heilkenni og telji sig vera bjargvætt.“ Donald Trump og sjálfsdýrkunar einkenni hans hafi einnig verið til umræðu í þáttunum sem og áhugi fólks á raunveruleikapáttum eins og Love Island og The Bachelor og stórfurðulegt mannátsmál í Hollywood. „Vinsælasti þátturinn minn fjallar um heldur sorglegt mál en í honum er farið ítarlega í mögulegar skýringar á grunsamlegum dauðdaga Clueless leikkonunnar Brittany Murphy árið 2009 og eiginmaður hennar 5 mánuðum síðar,” segir Elva Björk og hvetur alla sem áhuga hafa á að finna Poppsalína á t.d. Spotify.



LIND
FASTEIGNASALA
Bajarland 4 / 201 Kópavogur

**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**

KÆRI ÍBÚÐAREIGANDI



Ég heiti Sigrún Ragna Sigurðardóttir. Ég þekki Hafnarfjörð og einstök hverfi í Hafnarfirði mjög vel. Það er mikil eftirspurn eftir íbúðum og húsum í þessu frábæra umhverfi og mig langar að bjóða fram þjónustu mína.

Ef þú vilt frítt verðmat, vilt selja eða kaupa eða ert með einhverjar spurningar varðandi fasteignamarkaðinn, heyrðu þá endilega í mér í síma 773 7617 eða sigrun@fastlind.is

Heyrumst

**Sigrún Ragna
Sigurðardóttir**
Löggiltur fasteignasali

773 7617
sigrun@fastlind.is

www.fastlind.is

H
AUGLÝSINGASÍMI
6950207





ÚTSÖLULOK &

GÖTUMARKAÐUR

ÖSKUDAGUR



ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR
ÖSKUDAGINN HJÁ OKKUR!
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á

Leikfangaland.is